

Flutt kr. 979533.47 **16**
9. jan.

12. gr.

Til gjalda í 24. gr. er veitt:

Greiðslur samkv. lögum m. m.:

Bryggjagerð í Borgarnesi	kr.	3370.57	
Þingsályktanir	—	15017.25	
			— 18387.82
			Samtals kr. 997921.29

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

17
9. jan.

**um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu
h/f Eimskipafélags Íslands.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands,
framlengist fyrir árin 1935 og 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.